

**Sp.**

**446. Tillaga til þingsályktunar**

**[166. mál]**

um landhelgismál.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenskri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvilíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlinum umhverfis landið.

**Greinargerð.**

Utanríkismálanefnd hefur á fundi sínum 27. apríl 1959 ákveðið að flytja tillögu þá til þingsályktunar um landhelgismál, sem hér er fram borin. Voru allir nefndarmenn því samþykkir.